



## Fundargerð

### 26. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar haldinn að Tjarnargötu 12, 6. júlí 2023 kl. 14:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Grétar I. Guðlaugsson, Guðmundur Björnsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.  
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

Gestur fundarins var Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

\* \* \*

#### 1. Myllubakkaskóli

Vinna við D-álmu gengur vel. Lokið verður við að setja nýtt þak á næstu dögum og þá er hægt að fara á fullt í frágang innanhúss.

#### 2. Njarðvíkurskóli

Fara þarf í endurnýjun á neysluvatnslögnum og raflögnum að hluta. Skoða þarf tryggingamál vegna eldra tjóns. Kjartani Mára Kjartanssyni bæjarstjóra, Unnari Steini Bjarnald bærarlögmanni og G. Hans Þórðarsyni verkefnisstjóra er falið að fara í viðræður við TM.

Ekki næst að klára vinnu við allar stofur fyrir haustið og þarf að gera ráðstafanir vegna þess.

#### 3. Garðasel

Farið yfir lausnir varðandi starfsemi Garðasels.

#### 4. Heiðarsel

Framkvæmdir eru hafnar. Stefnt er að opnun Bakka 1. september.

#### 5. 88 Húsið

Beðið er eftir niðurstöðum úr sýnatökum áður en tekin verður ákvörðun um framhald framkvæmda.

#### 6. Consensa - innkaupakerfi

Bæjarráð samþykkti að nota gagnvirkt innkaupakerfi sem Consensa hannaði vegna framkvæmda við stofnanir Reykjanesbæjar. Auglýsa þarf eftir þátttakendum. Guðlaugi H. Sigurjónssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs, er falið að vinna málið áfram.



## 7. Önnur mál

- Rætt um að samráð við starfsmenn eignaumsýslu varðandi hönnun þyrfti að vera meira, sérstaklega með tilliti til kostnaðar, þannig að skoðað verði hvort hægt sé að finna ódýrari lausnir í einhverjum tilfellum.
- Færanlegar skólastofur sem fara á malarvöll eru á áætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.07

Næsti fundur verður í Ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 13. júlí kl. 14:00.